

AlþingiNefnd um
Nefndasvið
Austurstrætun
150 Reykjavík

Reykjavík, 14. febrúar 2018

Efni: Umsögn Siðmenntar um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum (bann við umskurði drengja), 148. löggjafarþing 2017 - 2018. Þingskjal nr. 183. - 114. mál.**Álit Siðmenntar:**

Siðmennt, félag siðrænna húmanista á Íslandi, hvetur Alþingi til þess að samþykkja frumvarpið.

RÖKSTUÐNINGUR:

Umræða um umskurð blossar upp öðru hvoru og oft í tengslum við alþjóðlegar herferðir gegn umskurði. Árið 2005 samþykkti Alþingi bann við umskurði kvenna. Í öllum umsögnum sem bárust var einróma tekið undir með innihaldi frumvarpsins.

Orðanotkun svo sem limlesting, líkamsmeiðing, ofbeldi og önnur sterk lýsingarorð voru notuð til að rökstyðja stuðning við bannið árið 2005. Almenn sátt virtist ríkja um það á sínum tíma.

Nú ber svo við að í umræðu um lagafrumvarp sem bannar umskurð drengja heyrast raddir um að sýna siðavenjum og trú það umburðarlyndi að banna ekki umskurð drengja.

Siðmennt hefur skýra sýn á málið:

Þar sem um er að ræða alvarlegt og óafturkræft inngrip er óásættanlegt að börn undir lögaldri séu umskorin.

Siðmennt tekur undir skoðun flutningsmanna frumvarpsins þegar þeir segja:

Það er skoðun flutningsmanna að umskurður á ungum drengjum feli í sér brot á réttindum þeirra, nema slík aðgerð sé talin nauðsynleg af heilsufarslegum ástæðum.

Siðmennt telur hins vegar að lögráða einstaklingar eigi að geta óskað eftir umskurði eftir upplýsta skoðun og ákvörðun þar um.

Rétt er að taka fram að í þeim tilfellum sem umskurður er framkvæmdur t.d. af heilsufarsástæðum eða af lögráða einstaklingi skuli hann framkvæmdur af sérfræðingi á heilbrigðissviði.

Umburðarlyndið

Tenging umskurðar kvenna við trú (íslam – þó ekkert í kóraninum styðji slíkt) er fyrir hendi en fyrst og fremst er um að ræða hluti menningar, hefða, venja og siða. Einnig hefur verið talið að umskurður drengja sé hluti manndómsvígslu þeirra.

Rétt er að minna á að þó að ýmsar siðavenjur eða hefðir hafi verið stundaðar í árhundruð eða þúsundir ára þá er það engin réttlætning að þær eigi að standa óhreyfðar um alla eilífð.

Umburðarlyndi gagnvart siðvenjum og trúarbrögðum er góðra gjalda vert. En þegar kemur að slíku inngripi á líkama ungra drengja er það skýrt að réttur barnsins skal vera siðum og trú yfirsterkari.

Álit annarra

Auk skoðunar sem Siðmennt hefur sett hér fram er mikilvægt að heyra skoðanir annarra.

Umboðsmaður barna hafði forgöngu árið 2013 fyrir samþykkt allra embætta umboðsmanna barna á Norðurlöndum þar sem lagst er gegn umskurði drengja. Í bréfi þeirra segir:

Umskurður á ungum börnum brýtur gegn grundvallarréttindum barna samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sem nýlega var lögfestur hér á landi.

Umskurður felur í sér óafturkræft inngrip í líkama drengja sem getur haft í för með sér mikinn sársauka, auk þess sem slíkri aðgerð fylgir hætta á sýkingum og öðrum vandamálum.

Siðmennt er aðili að eftirfarandi samtökum:

IHEU - International Humanist and Ethical Union

EHF - European Humanist Federation

MRSÍ - Mannréttindaskrifstofa Íslands

Eðlilegt að drengir sem vilja láta umskera sig af trúarlegum eða menningarlegum ástæðum taki ákvörðun um slíkt þegar þeir hafa sjálfir náð aldri og þroska til þess að skilja hvað felst í slíkri aðgerð.

Læknasamtök víða um heim, m.a. annars á Norðurlöndum, hafa einnig lýst andstöðu sinni gegn umskurði drengja. Í grein sem birtist bandaríska blaðinu „Pediatric“ árið 2012 skrifuð 38 lækningar frá 16 Evrópulöndum grein um málefnið. Þar segir:

Circumcision conflicts with children's rights and doctors' oath and can have serious long-term consequences, state an international group of 38 physicians from 16 European countries in Pediatrics today. They comment on the American Academy of Pediatrics' new policy on infant male circumcision.

<http://intaction.org/circumcision-policy-denounced/>

Þessar raddir undirstrika mikilvægi þess að gæta hagsmuna barna í hvívetna.

Fulltrúi Siðmenntar er ávallt reiðubúinn að ræða innihald umsagnarinnar ef eftir því er óskað.

F. h. Siðmenntar

Bjarni Jónsson
Framkvæmdastjóri